

# Fundargerð keppnisráðs AKÍS í rally

Fundur haldinn 13. febrúar 2024 kl. 19:30 á Zoom.

Mættir: Sigurður Arnar Pálsson AIFS, Tryggvi M Þórðarson KK, Baldur Haraldsson BS og Aðalsteinn Símonarson BÍKR.

Fundargerð ritaði AS

## 1. Reglubreytingar

Farið yfir nokkrar breytingar í reglum FIA, 2024 Regional rally sporting regulation.

Ákveðið að gera tillögu að breytingu á greinum 5.2.1.b og 5.2.1.d í keppnisgreinareglum okkar, en þær snúa að stólum og slökkvitækjum, og senda á Regluráð og AKÍS til staðfestingar.

Aðrar breytingar munu bíða haustsins.

## 2. Tímatökubúnaður

Samkvæmt BH eru klúbbarnir BS og AIFS tilbúin með 5-600 þús hvor klúbbur fyrir tímatökubúnað en ekki er komið svar frá BÍKR.

Ákveðið að AS tali við formann BÍKR um þátttöku og muni ásamt TMP skilgreina hvað búnaðurinn eigi að gera og fá fast verð í það ásamt rekstri, áður en gengið er frá pöntun.

## 3. Fundir með keppnishöldurum og keppendum

Ákveðið að halda fundinn eftir páska, stefna á vikuna sem 10. apríl er.

Fundi slitið kl. 20.15